

Alþingi
Fjárlaganefnd
101 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 12. maí 2019.

Umsögn um þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024, mál 750, 149. löggjafarþing.

Blómstrandi byggð á Vestfjörðum.

Á gildistíma fjármálaáætlunar 2020-2024 eiga stjórnvöld og sveitarfélög á Vestfjörðum gullið tækifæri til að setja forsendur sem geta leitt til einnar mestu umbyltingu í þróun samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum. Hér er ekki um að ræða sértækar byggðaaðgerðir líkt og þekkjast frá öðrum landshlutum, heldur er hér byggt á nýtingu náttúrurauðlinda á sjálfbæran hátt.

Drifkraftar þessarar umbyltingar er uppbygging fiskeldis og ferðaþjónustu. Vestfjarðastofa hefur áætlað að beinar skatttekjur ríkissjóðs geti á næstu árum aukist um 1,5 milljarða og eru þá ótalin margfeldisáhrif á aðrar atvinnugreinar. Fyrir ríkissjóð má því horfa til aukninga tekna til langrar framtíðar lítið og sé rétt á málum haldið munu nauðsynlegar fjárfestingar í innviðum greiðast upp á skömmum tíma og uppbygging stjórnsýslu verður einnig sjálfbær. Einnig er hér innspýting í hagkerfið nú þegar hagvöxtur er að dragast saman. Í staðreyndarblaði Vestfjarðastofu um fiskeldi <https://www.vestfirdir.is/static/files/Fiskeldi/stadreyndablad-fiskeldi.pdf>, er nánari lýsing á áhrifum fiskeldis. Í áfangastaðaáætlun Vestfjarða, einnig útgefið af Vestfjarðastofu, er fjallað um aðgerðir í ferðaþjónustu. https://www.vestfirdir.is/static/files/Ferdathjonusta/Afangastadaaetlun/afangastadaaetlun_vestfjarða.pdf

Neikvæð þróun byggðar á Vestfjörðum á síðustu áratugum hefur hinsvegar gengið mjög á innviði, fjárhag og samfélagslega stöðu í byggðunum. Sveitarfélögin þurfa því öflugan stuðning á þessum tímamótum til þess að geta mætt þeim verkefnum sem þarf að ganga í, til að geta stuðlað að sjálfbærum vexti samfélaga og atvinnulífs.

Við afgreiðslu þingsályktunartillögu að fjármálaáætlun 2020-2024 þarf Alþingi því að horfa til þess að samþykkja tillögur sem muni stuðla að framþróun byggðar á Vestfjörðum og að ekki séu samþykktar tillögur sem ganga gegn þeirri þróun. Minnt er hér einnig á einróma samþykkt Alþingis um markmið og verkefni Byggðaaætlunar 2018-2023 um að stuðla að jöfnun byggðar um land allt.

Hér verða nú áréttaðir málaflokkar fjármálaáætlunar er varða Vestfirði og hafa komið til umfjöllunar á vettvangi Vestfjarðastofu og sveitarfélög á Vestfjörðum, frá samþykkt síðustu fjármálaáætlunar (2019-2023). Visast einnig til greinargerðar með þessari umsögn.

1. *Frysting framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.*

Mótmælt er tillögu ríkisstjórnar um skerðingu framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árunum 2020 og 2021 og þess krafist að Alþingi dragi tillögur ríkisstjórnar til baka. Áhrifin munu koma mest fram á útgjaldajöfnunarframlögum, framlögum sem er ætlað að jafna aðgengi íbúa að lögboðinni þjónustu óháð búsetu. Hugmyndin gengur einnig gegn markmiðum stjórnvalda í Byggðaáætlunar 2018-2023 um jafnan aðgang íbúa að þjónustu.

Áhrifin munu síðan leggjast mjög mismunandi á landshluta og einstaka sveitarfélög og auka þannig enn á aðstöðumun á milli sveitarfélaga í landinu. Þar koma verst út þau sveitarfélög sem eru að sinna dreifbýlum og fámennum svæðum og eða með marga byggðakjarna, en þessi sveitarfélög reiða sig mjög á framlög Jöfnunarsjóðs til að veita þjónustu. Eins er hér tekið undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjármálaáætlun.

2. *Gjaldtaka af fiskeldi og samfélagsuppbygging.*

Fiskeldi er atvinnugrein sem nýtir gæði nærsamfélagsins og eðlilegt að samfélögin fái auðlindarentu af nýtingu þeirra. Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa því sett fram þá kröfu að tekjur af auðlindagjöldum af fiskeldi renni óskert til sveitarfélaganna. Sveitarfélögin taka megináhættu af uppbyggingu innviða til að mæta kröfum atvinnulífs og fjölgun íbúa og þurfa til þess auknar tekjur. Ríkissjóður mun fá auknar tekjur í gegnum núverandi skattstofna og stofnunum ríkisins eru einnig tryggðar þjónustutekjur til að standa undir starfsemi sinni.

Horfa verður einnig til þess að fiskeldi byggist nú hratt upp og vísbendingar eru um að sveitarfélögin og stofnanir hins opinbera ná ekki að bregðast nægjanlega hratt við þeirri þróun. Hér þarf því aukið fjármagn og gera verður kröfu til Alþingis að Fjármálaætlun 2020-2024 svari þeirri kröfu. Krafa sveitarfélaganna er um auknar tekjur en einnig að starfsemi stofnana ríkisins í héraði verði eflar með auknu fjármagni auk þess sem aukið fjármagn renni til menntunar og rannsókna á Vestfjörðum.

3. *Samgöngumál.*

Það er ánægjulegt að í ríkisfjármálaáætlun er gert ráð fyrir markvissri uppbyggingu Vestfjarðavegar 60, frá Bjarkarlundi í Reykhólasveit og að Dýrafjarðarbrú. En samtímis verður að tryggja flýtingu á uppbyggingu Bíldudalsvegar frá Bíldudal og inn á Vestfjarðaveg 60 á Dynjandisheiði og á vegköflum á Dynjandisheiði. viðbótarfjármagn um 9 milljarðar til framkvæmda á Vestfjörðum. Hér væri hægt að sækja fyrirmynd í stefnu norskra stjórnvalda, sem markvisst byggja upp flutningsleiðir til og frá laxeldissvæðum.

Vestfjarðastofa heldur einnig uppi kröfu um uppbyggingu vegar norður í Árneshrepp, Innstrandaveg, einbreiðar brýr, uppbygging og endurnýjun hafnarmannvirkja, efling almenningssamgangna og átaks um eflingu innanlandsflugs.

Í umsögn um Vestfjarðastofu um samgönguáætlun 2018-2023 var gerð greining væntum áhrifum af samgönguframkvæmdum samkvæmt kröfu Vestfjarðastofu. Voru áætluð áhrif í lok tímabilsins að velta fyrirtækja hafi aukist um 33 milljarða, ársverkur fjölgað um 1.600 og beinar tekjur ríkissjóðs aukist um 1,5 milljarða á ári. Hefur þar ekki verið tekið tillit til áhrifa frumvarps um gjalddöku af fiskeldi. Nánar er fjallað um málið í greinargerð og í umsögn Vestfjarðastofu um þingsályktun um samgönguáætlun 2019-2023. <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-400.pdf>

4. Fjarskiptamál

Í fjármálaáætlun er fjallað um markmið um Stafrænt Ísland.

Vestfjarðastofa vekur athygli á að Vestfirðir eru verr í stakk búnir að geta tekið þátt í Stafrænu Íslandi, vegna hægari uppbyggingu ljósleiðara og væntanlega 5G kerfa í þéttbýli.

Viðurkenna verður að í minni þéttbýlisstöðum er í raun markaðsbrestur þar sem fjarskiptafyrirtæki sjá sér ekki hag í uppbyggingu gagnaflutningskerfa vegna fámennis. En rammi fjarskiptalaga og rammi samkeppnislaga setur sveitarfélögin undir eitt með höfuðborgarsvæði (þar sem hinsvegar er verið að sóa fjármunum samfélagsins þegar fyrirtæki að leggja gagnaflutningskerfi hvert ofan í annað). Samhliða þarf að gera átak í að auka þekkingu íbúa á gagnaflutningum og tölvutækni. Á Vestfjörðum er hærra hlutfalla íbúa sem hefur einungis lokið grunnskólaprófi og sá hópur stendur lakast að tileinka sér þessa framþróun, efling starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða væri liður í að bæta hér úr. Hér er dæmi um verkefni sem gera samfélögin betur í stakk búnin að mæta uppbyggingu fiskeldis og ferðaþjónustu.

Rétt er hinsvegar að halda til haga þátt verkefnisins Ísland ljóstengt, þar sem stjórnvöld þ.e. ríki og sveitarfélög hafa unnið með uppbyggingu ljósleiðara í strjálbýli.

5. Heilbrigðismál.

Vestfjarðastofa leggur áherslu á jöfnun aðgengis landsmanna að heilbrigðisþjónustu, heilsugæslu, aðgengi að sérfræðiþjónustu og Landspítala. Þar er efling Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og starfsstöðva Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Vestfjörðum lykilþættir. Vestfjarðastofa leggur einnig áherslu á fjölgun hjúkrunarrýma á Vestfjörðum með áherslu á sunnanverða Vestfirði, eflingu fjarheilbrigðisþjónustu og átak í samþili velferðarþjónustu ríkis og sveitarfélaga.

6. *Ofanflóðasjóður.*

Vestfjarðastofa krefst þess að horfið verði frá áformum um seinkun framkvæmda sem fjármagnaðar eru af Ofanflóðasjóði. Líf og heilsa íbúa og væntanlegra íbúa liggur hér undir. Frestun framkvæmda skerðir einnig möguleika sveitarfélaga á Vestfjörðum að skipuleggja nýtt svæði fyrir íbúabyggð og atvinnulóðir til að mæta uppbyggingu fiskeldis t.d. á Bíldudal.

7. *Önnur atriði.*

- a. Efling atvinnulífs á Vestfjörðum er háð því að stefnu í þingsályktun um flutningsmál raforku verði fylgt eftir, en þar fer saman bætt afhendingaröryggi og aukinn orkuframleiðsla.
- b. Markmið um Endurmat útgjalda. Athygli vekur að í umfjöllun um endurmat útgjalda sýslumannsembætta er ekki minnst einu orði á þau markmið, sem sett voru við stækkun umdæma sýslumanna að efla starfsemi minni embætta með tilfærslu verkefna. Hér gekk ráðuneyti og fjárveitingarvaldið á bak orða sinna og því verður að gera þá kröfu að markmið um eflingu embættanna verði tekin fram að nýju.
- c. Menningarhús. bls 323. Fjölgun menningarhúsa er jákvætt mál, en benda verður um leið á að rekstur núverandi menningarhúsa er víða vanfjármagnaður m.a. Menningarmiðstöðin Edinborg á Ísafirði. Við þessum rekstarvanda þarf að bregðast við og tryggja rekstrarfjármagn líkt og menningarhús á Akureyri, Reykjavík og að hluta á Austurlandi.
- d. Minjavernd. Brotin eru lög með því að ekki hefur verið ráðinn minjavörður á Vestfjörðum þrátt fyrir að liggi fyrir.

F.h. Vestfjarðastofu

Hafdís Gunnarsdóttir, formaður

**Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri
byggðapróunar**

Greinargerð

1. Mótmæli við frystingu framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og áhrif á lítil og meðalstór sveitarfélög.


Vísað er til tillögu fjármálaætlunar um frystingu framlaga Jöfnunarsjóðs á árunum 2020 og 2021 við 20,7 milljarða króna (smb töflu á bls 96)

Stjórn Vestfjarðastofu fjallaði um áhrif þessar tillögu í mars s.l. og í minnisblaði sem sent var fjármála og efnahagsráðherra og samgöngu og sveitarstjórnarráðherra, segir eftirfarandi.

Stjórn Vestfjarðastofu harmar hugmyndir fjármála- og efnahagsráðherra um frystingu framlaga ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árin 2020 og 2021. Áhrifin munu koma mest fram á útgjaldajöfnunarframlögum, framlögum sem er ætlað að jafna aðgengi íbúa að lögboðinni þjónustu óháð búsetu. Hugmyndin gengur einnig gegn markmiðum stjórnvalda í Bygðaaætlunar 2018-2023 um jafnan aðgang íbúa að þjónustu.


Áhrifin munu síðan leggjast mjög mismunandi á landshluta og einstaka sveitarfélög og auka þannig enn á aðstöðumun á milli sveitarfélaga í landinu. Þar koma verst út þau sveitarfélög sem eru að sinna dreifbýlum og fámennum svæðum og eða með marga byggðakjarna, en þessi sveitarfélög reiða sig mjög á framlög Jöfnunarsjóðs til að veita þjónustu.

Fram kemur í greiningu í minnisblaði Sambands Íslenskra Sveitarfélaga frá 14. mars sl., að íbúar á Vestfjörðum munu bera hlutfallslega mestu skerðinguna. Þannig skerðast fjárframlög Jöfnunarsjóðs hundrað sinnum meira á Vestfjörðum en á höfuðborgarsvæðinu.




Heimild: Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, Málsnr.: 1901041SA

Áhrifin eru þess mun meiri er horft er til einstakra sveitarfélaga á Vestfjörðum þar sem skerðing framlaga pr.íbúa er frá 30 til 70 þkr á hvern íbúa en um 1 þkr á íbúa á höfuðborgarsvæði.



Heimild: Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, Málsnr.: 1901041SA

Tekjutap sveitarfélaganna á Vestfjörðum er einnig mikið eða verulegt. Hafa sveitarfélögin litla möguleika á að mæta þeim tekjusamdrætti nema með skerðingu á þjónustu eða skerða framkvæmdafé.



Heimild: Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, Málsnr.: 1901041SA

Hér verður að benda á, að uppgangur efnahagslífs undanfarinna ára hefur komið á misjafnan hátt niður eftir sveitarfélögum, samanber skýrslu Byggdastofnunar um hagvöxt landshluta¹. Á þenslusvæðum eru nær undantekningar þéttbýlustu sveitarfélögin sem hafa þá geta nýtt sér hagsveifluna til að efla innviði og þjónustu. Þessi sveitarfélög ættu því að vera betur í stakk búin en önnur til að mæta samdrætti. Því verður að ítreka að áhrif frýstingar framlaga mun því auka enn á aðstöðumun fámennra og dreifbýlla sveitarfélaga utan þenslusvæða. Eftir hagvaxtarskeið munu þau hafa lélegri innviði og veikari fjárhag og um leið einna háðust framlögum Jöfnunarsjóðs.

Sveitarfélög á Vestfjörðum skorast ekki undar þeirri ábyrgð sem felst í ábyrgum rekstri sveitarfélaga eða þátttöku í kostnaði við að þjónusta íbúa landsins. En þær hugmyndir sem fram eru komnar um fyrirhugaða skerðingu eru úr öllum takti við samgjarna úthlutun fjármuna úr sameiginlegum sjóðum. Það geta varla verið hugmyndir ríkisins að íbúar á Vestfjörðum taki á sig hundrað sinnum meiri skerðingu en önnur sveitarfélög um leið og þau hafa í verulegu mæli ekki notið uppsveiflu hagkerfisins á undanförnum árum.

Vestfjarðastofa hefur því hér með skýrum hætti mótmælt þessum áformum og lýst afleiðingu þeirra og krefst þess því að Alþingi dragi til baka áform ríkisstjórnar um frýstingu framlaga til Jöfnunarsjóðs.

Gjöld af fiskeldi og samfélagsuppbygging.

Vestfjarðastofa krefst þess að við afgreiðslu fjármálaáætlunar verði tryggt að Alþingi álykti um að gjöld sem tekin eru af fiskeldi renni til fiskeldissveitarfélaga. Sveitarfélögin taka alla áhættu af uppbyggingu samhliða vexti fiskeldis og þurfa því tryggar tekjur á því tímabili.

Sveitarfélög á sunnanverðum Vestfjörðum hafa verið og eru nú að mæta kröfum um fjárfestingar í innviðum sveitarfélaganna, fjárfesting sem fjármálareglur geta verið hamlandi þar sem tímabundið þarf aukna skuldsetningu en síðan í annan stað að fá tryggingu fyrir framtíðartekjum. Í nýrri Innviðagreining Vesturbyggðar (apríl 2019) er bent á að margfeldisáhrif hvers starfs í fiskeldi sé minna en almennt hefur verið talið. Fram kemur það mat í innviðgreiningunni að stuðullinn sé 1,7 í stað 2,4-2,5 sem oftast er viðmiðunin. Fjölskyldur hafa flutt að í minna mæli en reiknað var með og útlit fyrir að þangað sækja einstaklingar sem eiga eða ætla að eiga fjölskyldu á öðrum stöðum landsins eða þess vegna erlendis. Líkleg skýring er sú að samfélögin hafi verið komin það langt niður í fólksfjölda og skekktri aldurssamsetningu að þau nái sér ekki á strik nema með kröftugri uppbyggingu innviða.

Til að bregðast við þessu þarf að tryggja sveitarfélögunum auknar tekjur í uppbyggingarfasa þannig þau geti strax boðið upp á samkeppnishæfa innviði og samfélagsþjónustu. Auðlindagjald samkvæmt frumvarpi um gjaldtöku, beri því að renna allt til sveitarfélaganna.

Eins væru aðgerðir nauðsynlegar til að efla héraðsbundnar stofnanir til að auka fjölbreytni atvinnulífs, en aðhaldskrafa í fjármálaáætlun vinnur gegn slíku með niðurskurði á fjárveitingum. Hér getur skammtímahugsun stjórnvalda að valda margföldu tjóni fyrir raun lítinn sparnað í stóra samhenginu og um leið misst af stærsta tækifæri í viðsnúningi í

¹ <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Hagvoxtur/hagvoxtur-landshluta-2008-2016.pdf>

byggðamálum um langa hríð. Stjórnvöld þurfa sýna í verki að þau trúa á samfélögin ella sá þau frægjum tortryggni bæði gagnvart samfélaginu og atvinnulífi.

Eins þarf að efla þarf eftirlit og rannsóknir samhliða uppbyggingu fiskeldis og sú uppbygging þarf að eiga sér stað í í héraði þar sem starfsemi fer fram og mest þekking á er henni. Slíkt eykur einnig fjölbreytni atvinnulífs og væri líður að hækka margfeldisstuðul.

Áður hefur verið tilgreint að ríkissjóður mun fá inn auknar tekjur, eftir því sem umsvif laxeldis koma til með að vaxa á gildistíma fjármálaáætlunar. Þar mun koma ný meginstoð í tekjuöflun ríkissjóðs sem dragi úr áhrifum niðursveiflu s.s. í ferðaþjónustu og sveiflum í afkomu fiskistofna s.s. loðnu.

En til þess þurfa stjórnvöld að breyta nálgun á umfjöllun um fiskeldi og ljúka heildarstefnumörkun atvinnugreinarinnar í stað þess að festa málið í umræðu um þrönga umhverfislega nálgun í formi áhættumats erfðablöndunar Fyrir ríkissjóð geta hér verið um að ræða að missa af skatttekjum af marga tuga milljarða veltu.

Sjá nánar í umsögnum Vestfjarðastofu um frumvörp til laga um breytingu á lögum um fiskeldi <https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-4882.pdf> og um gjalddöku af fiskeldi <https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-4898.pdf>.

Samgöngumál

Þriðja haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið þann 5. og 6. október, samþykkti eftirfarandi ályktanir sem varða samgöngumál.

Stefna

Meginmarkmið í samgöngumálum á Vestfjörðum hafa verið nær óbreytt í 20 ár. Heilsárstengingar með vegum, jarðgöngum og þverunum fjarða innan þjónustusvæða, milli þjónustusvæða og við aðra landshluta. Stefnan var síðust endurskoðuð í ágúst 2017 með aðild allra sveitarfélaga á Vestfjörðum og staðfest af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Ályktun

Þing Fjórðungssambandsins krefst þess að stjórnvöld standi við fyrirheit um að samgöngubætur á Vestfjörðum verði í forgangi í samgönguáætlun til skemmri og lengri tíma lítið. Samfélag Vestfjarða líður fyrir það að vegir eru á mörgum stöðum árum og áratugum á eftir því sem gerist í nútímasamfélagi.

Brýnustu úrlausnarefnin í vegagerð á Vestfjörðum 2018-2023 eru:

- Að vegagerð um Gufudalssveit á Vestfjarðavegi 60 verði boðin út án frekari tafa.
- Boðin verði út vegagerð um Dynjandisheiði og Bildudalsveg haustið 2019.
- Boðin verði út vegagerð um Veidileysuháls vorið 2019.
- Staðið verði við útboð um endurlagningu stofnvega Djúpvegur 61 í Hestfirði, Seyðisfirði og Álftarfirði haustið 2018.
- Boðin verði út endurlagning og breikkun á innstrandavegi 68 í Strandabyggð, sumarið 2019.

- Unnið verði markvisst að fækkun einbreiðra brúa á stofnvegum á Vestfjörðum.
- Að Álftafjarðgöng milli Ísafjarðar og Súðavíkur verði sett á samgönguáætlun, sem næstu jarðgöng á eftir Dýrafjarðargöngum

Innanlandsflug til Ísafjarðar, Bíldudals og á Gjögur eru almenningssamgöngur

Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Mikilvægt er að flug sé raunverulegur valkostur fyrir ferðir íbúa. Fjórðungsþing hvetur ríkið til að til að gera flug að þeim hagkvæma kosti sem það ætti að vera til að nýtast almenningi. Til dæmis samkvæmt svokallaðri skoskri leið. Þess er vænst að flogið verði til Bíldudals daglega og að minnsta kosti einu sinni í viku verði tvö flug.

Brýnt er að standa vörð um þá þjónustu og öryggi sem flugsamgöngur veita íbúum á Vestfjörðum. Þess er krafist að auknu fjármagni verði veitt til viðhalds og endurbóta á flugvöllum á Gjögri, Bíldudal og Ísafirði. Þá minnir Fjórðungsþing á mikilvægi Reykjavíkurflugvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar.

Fjórðungsþing styður þingsályktunartillögu þingmanna NV kjördæmis um staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum. Bent er á stækkun þjónustusvæðis slíks flugvallar með tilkomu Dýrafjarðarganga og nýs vegar um Dynjandisheiði. Nýr flugvöllur er mikilvæg forsenda fyrir frekari atvinnuuppbyggingu í landshlutanum.

Almenningssamgöngur

Þriðja haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Ísafirði dagana 5.-6. október 2018 hvetur stjórnvöld til að skoða nýjar lausnir í almenningssamgöngum við endurskoðun samninga við landshlutasamtök sem farið verður í á árinu 2019 til að hægt sé tryggja rekstur slíkrar þjónustu í okkar víðfeðma landi.

Haustþing krefst þess að á árinu 2019 verði framlög til reksturs almenningssamgangna á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga hækkuð verulega til að tryggja, í samvinnu við sveitarfélög, að almenningssamgöngur innan vinnusóknarsvæða verði með nægri tíðni ferða til að nýtast sem raunhæfur valkostur fyrir íbúa og gesti.

Haustþing minnir á að flug er almenningssamgöngur Vestfirðinga og hvetur stjórnvöld til að leita leiða til að gera flug að þeim hagkvæma kosti sem það ætti að vera til að nýtast almenningi.

Mat á fjárhagslegum áhrifum af flýtingu framkvæmda.

	Tekjur í upphafi og lok tímabils (milljarðar). Tekjur að hluta metnar á tölum frá árinu 2016	Ársverk í upphafi og lok tímabils	Arðgreiðslur til ríkis og sveitarfélaga í upphafi og lok tímabils
Sjávarútvegur	32.000 mkr (2018) og 32.000 mkr (2023)	1000 / 900	Gögn ekki fyrirbyggjandi. veiðigjald er 900 mkr 2018
Fiskeldi	15.000 mkr (2018) og 42.000 mkr (2023)	200 / 750	800 mkr / 2.275 mkr
Ferðaþjónusta (auk verslunar, samgangna o.fl)	3.500 mkr (2019) og 7.000 mkr (2023)	1000/1300	Gögn ekki fyrirbyggjandi
Kalkþörungar	800 mkr / 2.700 mkr	20/ 50	30 mkr /65 mkr
Samtals	50.500 mkr (2018-/19) og 83.000 mkr (2023)	2200 / 3780	Að lágmarki aukning um 1.600 mkr

Verði laxeldi í Ísafjarðadjúpi heimilað í upphafi áætlunartímabilsins þá gæti það komið inn undir lok tímabilsins og til lengri tíma litið með um 50 % aukningu á tekjur,störf og skatta.

Fjárfesting í innviðum á Vestfjörðum, sem hér er gerð tillaga um að auka í tilgreindum verkefnum úr 3.000 mkr í 12.050 mkr á tímabilinu mun skila sér hratt inn í samfélag og efnahag í nærsamfélaginu. Tekjur ríkissjóðs munu einnig aukast um fleiri milljarða á ári til lengri tíma litið og flýting framkvæmda mun einnig skila auknum tekjum strax á áætlunartímabilinu. Og rétt er að áréttu að lokum að vaxtarsprotar í uppbyggingu atvinnulífs á Vestfjörðum njóta ekki sértækra ívilnana stjórnvalda.

Nánari umfjöllun má finna í umsögn Vestfjarðastofu um samgönguáætlun, hér <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-400.pdf>

Fjarskiptamál.

Krafa er um að styrkja uppbyggingu fjarskiptakerfa í þéttbýli á Vestfjörðum og auka þekkingu íbúa að nýta tækifæri sem fylgja uppbyggingu stafrænna kerfa m.a. með eflingu starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Sjá einnig umsögn Vestfjarðastofu um fjarskiptaáætlun 2019-2024. <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-2943.pdf>

Heilbrigðismál.

Sjá nánar umsögn Vestfjarðastofu um Heilbrigðisstefnu til 2030.

<https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-4558.pdf>